



Einkaneysla meiri en spáð var

Samkvæmt nýlega birtum þjóðhagsreikningum dróst einkaneysla saman um 3,3% í fyrra. Við höfðum spáð því að samdráttur yrði meiri, enda bentu fyrstu tölur til þess að fólk hefði dregið verulega úr neyslu sinni eftir að faraldurinn hófst. Aðgerðir stjórnvalda og breyttar neysluvenjur gerðu það að verkum að samdráttur varð minni þegar leið á árið.

Seinni bylgjur faraldursins drógu ekki jafn mikið úr neyslu og sú fyrsta

Á fjórða ársfjórðungi síðasta árs dróst neysla saman um rúm 3% milli ára sem er örlítið meiri samdráttur en á þriðja ársfjórðungi (-2,2%) en talsvert minni samdráttur en á fyrsta fjórðungi (-8,7%). Sóttvarnaraðgerðir voru harðari og lengur við lýði í þriðju bylgju faraldursins en í þeirri fyrstu en þrátt fyrir það dróst neysla mun minna saman.


Er það m.a. vegna breyttra neysluvenja þar sem fólk nýtti sér í auknum mæli [netverslanir](#), en einnig [breyttust áherslur](#) í neyslu þar sem minna var eytt í ferðalög út fyrir landsteinana og meira innanlands. Það má ætla að neysla margra hafi verið í formi fjárfestingar til heimilis. Til marks um það jókst kortavelta einstaklinga um þriðjung í raf- og heimilistækjaverslunum og 22% í byggingarvöruverslunum milli ára í fyrra.

Aðgerðir stjórnvalda höfðu áhrif


Vaxtalækkarnir Seðlabankans og aðgerðir stjórnvalda hafa einnig skipt miklu og stutt við þessa þróun. Má þar m.a. nefna úttekt séreignarsparnaðar, en meðalgreiðsla á mann á mánuði meðal þeirra sem nýta sér þetta úrræði er nú um 484 þús. kr.¹ Hlutabætur og framlenging á tekjutengingu atvinnuleysisbóta hafa svo stutt við neyslu þeirra sem misst hafa vinnu vegna faraldursins.

Einkaneysla á mann dróst saman, annað árið í röð

Einkaneysla á mann dróst saman um 4,9% í fyrra þar sem mannfjöldi jókst um 1,7% sé litið til bráðabirgðatalna um aukningu meðalmannfjölda



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Samkvæmt upplýsingum á [vef](#) Stjórnarráðsins þann 9. mars 2021.



milli ára. Þetta er annað árið í röð sem samdráttur mælist milli ára, en árið 2019 dróst einkaneysla á mann saman um 0,3% milli ára.

Þróun frá aldamótum sýnir okkur að hámarki neyslu á mann miðað við fast verðlag virðist hafa verið náð árið 2007 og höfum við ekki aftur náð sömu tölum þrátt fyrir stöðuga aukningu í neyslu á mann frá 2009-2018. Þegar mest lét árið 2018 mældist neysla á mann tæplega 2% minni en var árið 2007. Þó samdrátturinn hafi mælst nokkur í fyrra, er hann þó minni en árin 2008 og 2009, þegar neysla á mann dróst saman um 9% og 12,5%. Kreppan sem við göngum í gegnum nú orsakar því ekki jafn mikinn samdrátt í neyslu fólks og gerðist á árunum 2008 og 2009, þrátt fyrir takmarkanir á neyslumöguleikum.


Heimilin eyða ekki um efni fram

Þrátt fyrir nokkuð kraftmeiri neyslu en fyrstu spár og bráðabirgðatölur bentu til, eru vísbendingar um að heimilin séu að halda að sér höndum og eyði ekki um efni fram. Til marks um þetta drógust yfirdráttarlán verulega saman um leið og faraldurinn skall á og innlán jukust. Frá því í janúar í fyrra hafa yfirdráttarlán dregist saman um allt að 18% milli ára miðað við fast verðlag og innlán hafa aukist um allt að 17%. Sumir eru eflaust að fresta neyslu og ætla að nýta sér þennan sparnað þegar ferðalög og samkomur verða almennari, en aðrir gætu hafa viljað koma sér upp varúðarsjóði á meðan óvissan í atvinnu- og efnahagslífinu var sem mest.

Einstaklingar keyptu fleiri bíla


Sparnaður eykst og neysla dregst saman, en ákveðin stórkaup hafa þó einnig aukist. Einstaklingar keyptu til að mynda 7% fleiri nýja bíla í fyrra en árið áður og voru bílar sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum þar fyrirferðarmiklir. Í heildina drógust bílakaup þó saman en það er eingöngu vegna minni kaupa frá bílaleigum. Líkt og margoft hefur verið greint frá jukust íbúðakaup þegar leið á árið vegna lægri vaxta, og svo hafa [hlutabréfakaup](#) einnig orðið algengari meðal almennings. Það má því segja að faraldurinn hafi breytt ýmsu hvað fjárfestingar og neyslu almennings varðar og verður fróðlegt að sjá hvort um varanlega breytingu sé að ræða eða hvort neysla fari aftur í sama farið þegar faraldurinn linnir.

Yfirdráttarlán innlánastofnana til heimila




Staða við lok hvers mánaðar raunvirt með VNV án húsnæðis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innlán heimila



Velti og óbundin innlán. Staða við lok hvers mánaðar raunvirt með VNV án húsnæðis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Sala nýrra bíla eftir kaupendahópum



Heimild: Bilgreinasambandið



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.